

FRAMKVÆMD KOSNINGA

Sameyki leggur áherslu á að kosningu trúnaðarmanns sé hrint í framkvæmd eins fljótt og auðið er eftir að kjörgögn hafa skilað sér í hendur trúnaðarmanna. Tilkynningu má senda:

- Með pósti til Sameykis, Grettisgötu 89, 105 Reykjavík,
- í bréfasíma 525-8349 eða
- á rafrænu formi á sameyki.is/ www.sfr.is / www.strv.is

Kjör trúnaðarmanns skal framkvæmt á eftirfarandi hátt:

1. Trúnaðarmaður skipar umboðsmann kosninganna og hengir upp auglýsingu um kosningu (fylgiskjal 2) á áberandi stað á vinnustað. Á auglýsingunni kemur fram nafn umboðsmanns.

Við val umboðsmanns skal þess gætt eftir föngum að hann hafi yfirsýn yfir fjölda félaga Sameykis á mismunandi deildum stofnunarinnar. Á fjölmönnum vinnustöðum má skipa fleiri en einn umboðsmann.

2. Umboðsmaður undirbýr kjörið:

- a. Leitar eftir tilnefningu félagsmanna um frambjóðendur. Einnig getur hver félagsmaður gert skriflegar tillögur til umboðsmanns.
- b. Fær skriflegt samþykki þeirra, sem tilnefndir hafa verið.
- c. Auglýsir kosningu með a.m.k. fimm daga fyrirvara og tekur þar fram hverjir eru í framboði.

3. Ef aðeins einn er í framboði má líta á hann sem sjálfkjörinn, en umboðsmanni er einnig heimilt að framkvæma kosningu þrátt fyrir að einn sé í framboði. Við kosningu ritar kjósandi nafn þess sem hann kys á atkvæðaseðilinn, brýtur hann síðan saman og stingur í kassa sem umboðsmaður kemur fyrir. Aðeins skal rita nafn eins manns á seðilinn, að öðrum kosti er hann ógildur. Umboðsmaður sér um talningu atkvæða og er öllum, sem rétt áttu til að kjósa, heimilt að fylgjast með. Sá sem fær flest atkvæði er rétt kjörinn trúnaðarmaður og sá sem fær næst flest er rétt kjörinn varamaður hans. Nú fær einn frambjóðandi öll greidd atkvæði og skal hann þá strax skipa varamann. Séu atkvæði jöfn þá ræður hlutkesti.

4. Þegar kjör er yfirstaðið fyllir umboðsmaður út meðfylgjandi tilkynningareyðublað um kjör trúnaðarmanns (fylgiskjal 3) og kemur því til skrifstofu Sameykis eins og að ofan greinir.

Mikilvægt er að umboðsmaður skrifi undir tilkynninguna og upplýsi félagsmenn á viðkomandi stofnun um niðurstöðu kosninganna.

5. Ef tilkynning um kjör berst ekki fyrir 31. maí skipar stjórn Sameykis trúnaðarmann án tilnefningar og tilkynnir það félögum á vinnustað. Stjórnin leggur hins vegar ofuráherslu á að vinnustaðirnir kjósi sína trúnaðarmenn. Skipun trúnaðarmanns af hálfu stjórnar verður því að skoðast sem neyðarúrræði.

Framkvæmd kosningar er í samræmi við lög Sameykis, 24. og 25. grein í 9. kafla, og starfsreglur trúnaðarmanna og trúnaðarmannaráðs Sameykis.